



**Kveðja
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 75 ára afmæli Blindrafélagsins
19. ágúst 2014**

Kæru afmælisgestir

Ég óska ykkur og reyndar þjóðinni allri til hamingju með þessi merku tímamót. Blindrafélagið hefur ekki aðeins verið vettvangur baráttu fyrir hagsmunum, réttindum og bættri þjónustu. Það hefur einnig eflt skilning Íslendinga, aukið vitundina um hið réttláta samfélag sem opnar öllum nýjar leiðir til betra lífs, gæfu og gleði.

Það er erfitt nú að gera sér í hugarlund brattann sem brautryðjendurnir glímdu við á upphafsárum, skortinn á skilningi, vantrú á getu hinna blindu. En hugsjónaeldur og ríkuleg samstaða ruddu hindrunum úr vegi, fyrirtæki voru stofnuð, framleiðsla hafin, réttindi aukin í löggjöf og reglugerðum; og skipulag þjónustunnar tók smátt og smátt stakkaskiptum.

Í kjölfarið öðlaðist Blindrafélagið virðingarsess, varð afl í umræðum og stefnumótun, átti ríka hlutdeild í að festa í sessi þá velferð sem orðið hefur stolt okkar Íslendinga í samfélagi þjóða heims, þótt oft hafi svo sannarlega mátt gera betur.

Samt skiptir mestu að Blindrafélagið hefur gefið þúsundum Íslendinga aukna trú á eigin getu, eflt lífsgæði þeirra og annarra í fjölskyldunni, líka vina og vinnufélaga; gert blindum og sjónskertum kleift að bera fötlun sína með reisu, finna keppnisskapið, viljann til að sækja fram og njóta lífsins.

Á þessum tímamótum færi ég Blindrafélaginu þakkir þjóðarinnar og hamingjuóskir; hvatningu til að halda áfram baráttu og göfugu starfi.